

Fundargerð 22. fundar skráningarráðs Gegnis, fimmtudaginn 12. janúar 2006 - haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður), Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir og Hulda Ásgrímsdóttir fundarritari.

Auk þeirra sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta** fundar lögð fram og samþykkt.
2. **Nafnmyndaskráin** er nú tilbúin. Sigrún sagði hana í því formi sem forsögnin sagði til um. Nú á eftir að ákveða vinnuferli, þ.e. m.a. hvernig á að sækja færslur og viðhalda nafnmyndaskrá. Einnig á eftir að fínþússa skrána.
Hildur benti á NÝTT efni um nafnmyndaskrána í **Handbók skrásetjara Gegnis**.
3. **Kynningarfundur fyrir skrásetjara**. Stefnt er að því að halda slíkan fund um miðjan febrúar.
4. **Ábyrgðarmenn skráningar**. Ekki hafði borist svar frá öllum söfnunum sem fengu bréf eftir næstsíðasta fund um tilnefningu á ábyrgðaraðila skráningar. Nú þarf að búa til hópa úr minni söfnunum og fá ábyrgðarmenn fyrir þá hópa. Best væru að þau söfn skipi sér saman þar sem bestar samgöngur eru á milli og eru jafnvel þegar í samstarfi. Raðað var lauslega í hópa, s.s. Hafnarfjörður, Garðabær og Reykjanes / Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Akranes / ráðuneytin, Alþingi og ýmsar aðrar ríkisstofnanir. Ýmis stök söfn með sérhæfðan safnkost þarf að athuga sérstaklega.
Hildur og Sigrún ljúka við að raða í hópana.
Enn er reynt að gera sér grein fyrir hverjir eru virkir skásetjarar og reynt að skylda þá til að vera á Vöndu, að öðrum kosti fá þeir ekki þau skilaboð og tilkynningar sem þeir þurfa að fá. Ákveðið var að fela Hildi að skrá virka skrásetjara sem ekki eru á Vöndu á póstlistann.
5. **Kóðun á fullorðinsefni**. Ákveðið var í skráningarráði í des. 2004 að skylda skrásetjara til að nota kóðann **e** fyrir fullorðinsefni í sæti 22 í 008 sviðinu (sbr. reglur um lágmarkskóðun). Verið er að velta því fyrir sér hvort þetta sé nauðsynlegt eða hvort nægi að kóða barna-, unglinga- og kennsluefni eins og gert er ráð fyrir í reglunum. Athuga þarf hvort þessi kóðun sé nauðsynleg í leit. Sett til skoðunar. Sigrún lagði fram erindi vegna kóðunar í 008 í sambandi við skýrslugerð bókasafna til menntamálaráðuneytisins. Þórdís taldi nauðsynlegt að þeir sem ætluðu að endurskoða skýrsluformið skoðuðu sambærileg form frá UNESCO og Norðurlöndunum og hefðu þau til hliðsjónar til að gera tölfræðigögn héðan samanburðarhæfari við önnur lönd.
6. **Gæðamál**. Nú hefur borist álit frá Logos lögmannsþjónustu / Minnisblað vegna gæðareglna sem lagðar voru fram á fundi skráningarráðs í okt. sl. og þá var ákveðið að fá lögfræðilegt mat á þeim. Niðurstaðan er í meginatriðum er sú að reglurnar standist eins og gengið hafði verið frá þeim. Reglurnar hlutu því endanlega samþykkt í ráðinu á þessum fundi. Reglurnar verða settar á póstlista.

7. Önnur mál.

a) Reglur um skráningu mynddiska- og –banda eru tilbúnar til birtingar.

b) Setja þarf reglur um að skemmriskráningar hangi ekki allt of lengi inni. Draga þarf út lista yfir þær færslur sem eru meira en árs gamlar.

Forskráning á nýju íslensku efni nú fyrir jólin þótti takast vel.

c) Nauðsynlegt er að huga að því hvernig titlar koma út í leit. Mundi bæta nokkuð ef undirtitlum á borð við skáldsaga, roman, ljóð o.s.frv. yrði sleppt. En þrátt fyrir það er nauðsynlegt að leita ráða til að koma í veg fyrir að \$b og \$h hafi áhrif á röðun aðaltitils.

Næsti fundur boðaður upp úr miðjum febrúar.

Fundi slitið um kl. 16.00